



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum  
Aðalstræti 92  
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 9. mars 2018  
2018010057

## Efni: Umsögn Skipulags- og byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum, 05.03.2018 þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Sigurðar Arnfjörð, f.h. Sveitasælu ehf. vegna umsóknar um rekstrarleyfi til veitingu veitinga í flokki II, A, að Austurvegi 1, Ísafirði.

Flokkur II, er umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónáði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Tegund: A, Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framleiðslu.

Austurvegur 1, fastanr. 211-9161 matshlutti 0101 er skráð á byggingarstig 7, sem er fullgerð bygging. Húsið er á svæði sem skilgreint er sem miðsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Ákvæði skipulagsins fyrir miðsvæði eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri, verslun, þjónustu og íbúðum.

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn HEV dags. 06.03.2018

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 30 manns, með vísan í umsögn eldvarnareftirlits dags. 06.03.2018

Með vísan í ofangreint gerir skipulags- og byggingafulltrúi ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis

Viðungarfullst.  
ÍSAFJARÐARBÆR  
Axel Rodríguez Qvörby  
- skipulags- og byggingarfulltrúi -